

Bréf til nemenda 25. janúar

Ágætu nemendur (see English below).

Frá og með næsta mánudegi, þ.e. 1. febrúar verður full staðkennsla í MH samkvæmt stundatöflu. Ég efast ekki um að það sé langþráð stund að mæta í alla tíma í skólann. Nýtt fyrirkomulag er háð því að við virðum sóttvarnarreglur og höfum einstaklingsbundnar sóttvarnir í fyrirrúmi. Nemendur þurfa áfram að nota mismunandi innganga þegar þeir koma í skólann líkt og undanfarnar vikur.

Það verða takmarkanir á því hversu margir geta komið saman í almenningsrýmum, t.d. á Matgarði og Miðgarði. Nær allar stofur verða opnar þannig að í hádeginu geta nemendur verið í kennslustofum (að undanskildum raungreinastofum). Sómalía verður opin en aðeins seldar veitingar og drykkir í lokuðum umbúðum. Nemendur sem eru í gati í stundatöflu eru hvattir til að nýta sér bókasafnið. Ef veður er gott er tilvalið að fara út í hádeginu og viðra sig.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulagið verða settar á heimasíðuna fyrir fimmtudaginn 28. janúar undir „Kennsla á tímum COVID.“

Með von um góð viðbrögð.

Bestu kveðjur,

Steinn

Dear students

As of next Monday, February 1st all students in MH will attend all classes in MH premises according to timetables. I do not doubt that it is a long-awaited moment to be able to attend school full time. The new arrangement depends on that we respect infection control rules. Students will need to use different entrances when attending school as they have been doing in recent weeks.

There will be restrictions on how many people may gather in public spaces, Matgarður and Miðgarður for example. Almost all class rooms will be open during lunch break in order that students can stay in the class rooms (except the science classrooms). Sómalía will be open and sell only food and beverages in individual packaging. Students who have empty slots in their timetables are encouraged to use the library. If the weather is good, it is ideal to go outdoors on lunch break to get some fresh air.

More information on these arrangements will appear on our home page before Thursday January 28th under the link “Kennsla á tímum COVID.”

Best regards,

Steinn